

# Pési



**Apríl 2012**

Ritstjóri og ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

22. árgangur. 259. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

## Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Aðalfundir
- Tónleikar

Næsti Pési kemur út 15. maí 2012

Efni í Pésann

VERÐUR að berast í síðasta laqi

9.maí.

## Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
SS fréttir	8
Leikskólafréttir	14
Firmakeppni	17
Bókasafnið	18



virðing vitneskja Hrunamannahreppur, 845 Flúðir, sími 4806600

Okkur vantar starfsmann til afleysinga í 85 % starfshlutfall, frá 30. apríl til og með 18. maí 2012. Um er að ræða umsjón með skólaseli og stuðningur við nemendur.

Áhugasamir hafi samband við Guðrúnu Pétursdóttur skólastjóra Flúðaskóla, í síma 4806611, einnig má senda tölvupóst á [gudrunp@fludaskoli.is](mailto:gudrunp@fludaskoli.is).





„Eg er gull!“ Tómas Þórir losar einn af hinum fjölmörgu gámum, sem staðsettir eru víðsvegar um sveitina, (Ljósm. SigSigm)  
Og á neðri myndinni er svo ljósmyndarinn sjálfur, Sigurður Sigmundsson (Ljósm. TþJ)



## Sveitarstjórapistill-

Nú í aprílmánuður byrjaður og heilsar okkur nokkuð vel. Vonandi er það visir að góðu vori og víst er að margur bóndinn er farinn að naga neglur og vill komast í góða moldarvinnu. Þó er það þannig að sumir þjófstarfa og veit ég til að búið er að stinga niður korni í lok mars í tilraunaskyni. Við Ragnar oddviti tókum dálítinn forsmekk á vorið um miðjan mars og héldum ásamt kollegum okkar í Uppsveitum vestan ár ásamt ferðamálafulltrúa Uppsveita í fræðsluferð til Cronwell í Englandi. Þar var verið að kynna sér hvernig „Cornis“ fólkið stæði sig í atvinnuþróun og ferðapjónustu en svæðið var búið að fá verðlaun fyrir uppbyggingu sína. Í stuttu máli er margt líkt með skyldum í þessu efni og afar fróðlegt að sjá hvernig þeir fara að. Þó margt megi læra af slíkri ferð þá teljum við samt okkur standa býsna vel. Þarna er þó mjög sérstakt að sjá hvernig ESB dælir inn fjármagni á svæðið til uppbyggingar þar sem svæðið fór mjög illa út úr því þegar námuvinnsla nánast lagðist af á síðustu öld. Ekki er ég samt viss um að við viljum öll skipta á því og frelsinu. Á þessu svæði voru orkumál ofarlega í huga og það var athyglisvert að þetta er eitt af þeim fáu svæðum á Bretlandi sem möguleiki er á að bora eftir heitu vatni. Þeir eru að gera tilraunir með að vinna rafmagn með sjávarfallavirkjunum og eins og við er að búast eru þeir grænir og bláir af öfund út í allt rafmagnið hjá okkur og heita vatnið. Það minnir mann á að við eigum að berjast með kjafti og klóm yfir því að rafmagnsverð verði sómasamlegt á Íslandi, bæði til heimila og fyrirtækja. Sem framlag í þeirri baráttu hefur verið fróðlegt að taka þátt í því verkefni að athuga stofnun dreifiveitu fyrir rafmagn til garðyrkjubænda með Bláskógabyggð, Sambandi Garðyrkjubænda og Sölufélagi Garðyrkjumanna. Garðyrkjan er okkar stóriðja og ég vona að opinber orkufyrirtæki, sem að mínu viti eiga að vinna með hagsmuni fólksins og fyrirtækja í landinu í huga, sjái sóma sinn í að beita sér í því að nota raforkuverðið til atvinnusköpunar. Rafmagnið er okkar „olía“ sem stendur og við eigum að beita því afli okkar. Nú er búið að skrifa undir samninga við Landgræðsluna og Haukholtabræður um tilraunaverkefni til 3ja ára um nýtingu á seyru til landgræðslu og landbóta. Jafnframt er búið að skrifa undir samning við Landgræðsluna um hvernig samstarfi verður háttað með landgræðslugirðinguna á Hrunamannaafreitti næstu 10 árin. Allt eru þetta mjög spennandi verkefni. Eitt er það sem ég vil vekja athygli á, en það er meðferð rúlluplasts í sveitarfélaginu. Ég vil ítreka að það er bannað að brenna rúlluplasti á opnum svæðum og jafnframt minni ég á að þegar rúlluplasti er skilað á gámasvæðið þarf netið utan af rúllunum að vera flokkað frá og í sér pokum. Ef það er ekki gert hefur það aukinn kostnað í för með sér fyrir sveitarfélagið. Nú fer að líða að undirbúningi undir vor og sumarverk hreppsins. Í Pésanum er núna auglýst eftir unglingum í vinnuskóla hreppsins í sumar en það er nóg af verkefnum á vegum hreppsins, sem kalla á vinnufúsar hendur. Af nógu er að taka til að halda fasteignum og opnum svæðum hreppsins í góðu standi og framkvæmdaáætlun sveitarfélagsins þetta árið mun vonandi styðja það að ásynd sveitarfélagsins verði sífellt betri. Annað ánægjulegt verkefni sem búið er að ganga frá er samningur við Auðsholtsmæðgur um að þær leigi út aðstöðu í ípróttahúsinu fyrir sveitamarkað eins og á síðasta sumri. Það tókst vel til með þetta í fyrra og slík starfssemi er mjög æskileg fyrir íbúa og gesti sveitarfélagsins. Að lokum minni ég á sameiginlega skóla- og æskulýðspingið með Skeiða- og Gnúpverjahreppi, sem haldið verður núna 17. apríl í Félagsheimilum á Flúðum. Hvet ég alla íbúa til að mæta því enda fátt mikilvægara en að fólk taki þátt í umræðu um framtíð barnanna okkar.

Megum við öll njóta vorsins með bros á vör.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

**Verktaki fyrir Eimskip og Samskip**

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

---

**Hef til sölu minningakort**

**Hrunakirkju, Krabbameinsfélags Árnassýslu**

**Proskahjálpar á Suðurlandi, Styrktarsjóðs hjartasjúklinga**

**Styrktarsjóðs hjartveikra barna**

**Marta Esther Hjaltadóttir Kópavatni S: 4866412 / 8996412.**

---

Helgi Gíslason verður með kynningarfund í máli og myndum, um fyrirhugaða höggmynd á Hvítárbökkum.

Fundurinn verður á Kaffi Grund föstudaginn 20.apríl kl. 17:00

Allir velkomnir

---

**Keltnesk örnefni - Upplitsviðburður á Hótel Heklu 20. apríl**

**Aprilviðburður Upplits fjallar um keltnesk menningaráhrif á Íslandi að fornu og nýju - og einkum og sér í lagi á Suðurlandi. Þorvaldur Friðriksson fornleifafræðingur og fréttamaður skoðar málið út frá fornleifum, tungumáli og örnefnum, en í ljós hefur komið að útskýra má mörg torskýrð örnefni á Íslandi með því að líta til hins keltneska menningararfs. Fyrirlesturinn verður á Hótel Heklu á Skeiðum föstudagskvöldið 20. apríl kl. 20.00.**

Byggingafélagið **Árborg** ehf.

Austurvegi 42-44 • Selfossi

Símar 482 1550 / 482 1275

GSM 864 1275




**Húsmíðar**

**Innréttingar**

**Vélaleiga**

**Gröfur o.fl.**



**Fjallaraf**

sími 662 0530

**Hjörleifur Ólafsson**

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

**Upplit**

Menningarklassi uppsveita Árnessýslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

[www.upplit.is](http://www.upplit.is) –allir velkomnir



Vaðandi mottu - mars í DUNLOP - stígvélum



# DUNLOP stígvél á tilboðsverði út mars

Tilboðsverð  
út mottu-mars

9.990,-



Pvottarefni fyrir: Mjaltþjóna - mjaltakerfi - mjólkurtanka - bursta



**BRITE CIP 30**  
Kerfisþvottaefni fyrir mjaltþjóna. Vinnur auðveldlega á fitu, próteinskánum og öðrum óhreinindum.

**Kr. 5.841**  
m/brúsagjaldi  
**Skilagjald brúsa**  
m/vsk. kr. 753



**T-CIP 86**  
Tvívirkt þvottaefni fyrir mjaltakerfi. Mjög góð hreinsi- og sóthreinsivirgni. Tær vökvi með klórlykt.

**Kr. 7.453**  
m/brúsagjaldi  
**Skilagjald brúsa**  
m/vsk. kr. 753



**ZAL PERAX II**  
Óflugt sóthreinsiefni sem hentar vel sem hreinsi- og sóthreinsiefni fyrir bursta (burstaþápa).

**Kr. 17.778**  
m/brúsagjaldi  
**Skilagjald brúsa**  
m/vsk. kr. 753



**DILAC SUPER**  
Súrt skánleysandi efni til notkunar í mjaltakerfi og önnur hringrásarkerfi í matvælaíðnaði.

**Kr. 8.073**  
m/brúsagjaldi  
**Skilagjald brúsa**  
m/vsk. kr. 753



**D-90**  
Tvívirkt hreinsiefni fyrir mjaltakerfi. D-90 leysir upp og heldur mjólkurleifum uppleystum í kerfinu, glerkútar verða skínandi hreindir og lausir við mjólkurstainsútfellingar. Inniheldur klór sem eykur hreinsivirgni og gefur sóthreinsun.

**Kr. 13.918** 20 kg  
**Kr. 8.017** 10 kg

**JÚGURHREINSIR**



**Verð**  
kr. 2.498

Notast til þvotta og eða spenadyfingar eftir mjaltir. Inniheldur mykingarefni sem ver júgur gegn þurrkun.

**DEOSAN JODDÝFA**



**Verð**  
kr. 5.691

Sóthreinsiefni fyrir júgur og spena til notkunar eftir mjaltir. Heldur júgurbólgu í skefjum og inniheldur húðmykjandi efni.

**Sölustaðir:**

Egilsstaðir, Sími 471 1901  
Akureyri - Ben Sími 894 6946  
Skagafjörður - Eyþór Sími 862 5778

**LANDSTÓLPI**



Gunnbjarnarholti  
801 Selfoss  
480 5600  
landstolpi.is

# ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

## SMÍÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

BYGGINGAVÖRUR – BÚVÖRUR  
GJAFAVÖRUR – HANNYRÐAVÖRUR  
OG ALLT ÞAR Á MILLI.



ALLTAF AÐ BÆTAST VIÐ NÝJAR VÖRUR  
SJÓN ER SÖGU RÍKARI.

OPIÐ 9-18 VIRKA DAGA  
11-14 LAUGARDAGA.

Gylfi Ægis spilar og segir skemmtisögur laugardaginn 5 maí í Árnosi.  
Húsið opnar klukkan 21 og tónleikar hefjast klukkan 22.  
Aðgangseyrir 1500krónur.  
Happdrætti í hléinu, dregið úr seldum miðum, utanlandsferð að virði 40.þús króna.  
Bar opinn fyrir og eftir tónleika  
Kveðja nefndin

Rúllur til sölu.  
Hef til sölu rúllur bæði úr heyskap 2010 og 2011, gott kúahey, yfirleitt frekar þurr.  
Palli Núpstúni s:8935622



### Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna  
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.

### **Sundlaugin á Flúðum.**

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga: 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar  
í Laugarási **480 5300**  
**Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804**

S.S. fréttir.

Það var föstudaginn 23. mars sl. sem aðalfundur Sláturfélags Suðurlands, fyrir árið 2011, er haldinn að Goðalandi í Fljótshlíð. Úr Hrunamannadeild fara kjörnir fulltrúar, þeir Eiríkur á Grafarbakka, Bjarni Valur í Skipholti, Páll í Núpstúni og Jón Viðar í Dalbæ auk Deildarstjóra. Svo skemmtilega vill til að okkar deild er orðin sú stærsta af 32 innan félagsins, þ.e.a.s. flestir félagsmenn (innleggjendur)

Segja má að þessi aðalfundur hafi einkennst af ánægju og bjartsýni á komandi tíma, þar sem fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins, lauk með farsælum hætti og vegna sérlega góðs reksturs sl. árs. Rekstrarafkoma S.S. var sú besta til margra áratuga.

Hinn 28 jan.sl. fagnaði Sláturfélag Suðurlands, 105 ára afmæli, sem eitt elsta starfandi fyrirtæki landsins. Af þessu tilefni var ákveðið að endurprenta 25 og 50 ára afmælisrit félagsins, og gefa félagsmönnum, til gagns og gleði. Læt hér fylgja með , það sem Pétur Ottesen alþingismaður og stjórnarformaður, ritaði í 50 ára afmælisrit félagsins 1957, og sagði þá m.a.

„ Stjórnendum Sláturfélags Suðurlands hefur jafnan verið ljóst, að styrkur félagsins liggur í því fyrst og fremst, að það nýtur trausts neytendanna. Því betur sem félaginu tekst að gegna þessu hlutverki, því traustari verður aðstaða þess, að standa vörð um hagsmunum bændanna, sem það vinnur fyrir. Innan félagsins er fyrir hendi fullur skilningur á því að þetta hvort tveggja, er í órofa sambandi hvort við annað,,

Sannarlega mikil framtíðarsýn, sem gildir enn í dag.

Að endingu vil ég þakka ykkur, sveitungar góðir, alla tryggð við S.S.og aukin viðskipti í hvívetna. Við vorum stoltir fulltrúar á aðalfundi, fyrir hönd okkar deildar.

Minni á heimasíðuna [www.ss.is](http://www.ss.is) sem er bæði fróðleg og skemmtileg.

Með kærri kveðju frá deildarstjóra, fyrir hönd Sláturfélagsins.

Jóhanna Hrafnkelsstöðum

---

## **Vinnuskóli**

Verður starfræktur frá 18. júní til og með 20.júlí í sumar.

Miðað er við að umsækjendur séu fæddir á árunum 1994 –1998.

Skriflegar umsóknir þurfa að berast fyrir 11. maí  
á Skrifstofu Hrunamannahrepps.

Nánari upplýsingar í síma 480 6600 ,  
eða á netfang: [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is)



Óska eftir dagmömmu/ömmu/barnapíu til að vera með 9 mánaða gamla dóttir mína frá 8:30-15:30 alla virka daga.

Allar upplýsingar fást í síma 6613486 eða á e-mail [Gyda-drofn@visir.is](mailto:Gyda-drofn@visir.is)

Kær kveðja

Gyða Dröfn

### ULLARGÁMUR!

Ullargámur verður staðsettur á Smiðjustíg 10 Flúðum, við skemmu Flúðaleiðar, frá 10.apríl til 30.apríl. Hægt er að nálgast tóma ullarbala á sama stað.

Flúðaleið flutningar ehf. S: 892 2370/486 1070



**LAGNA**  
**POSTULINN**

Viðar Magnússon Pípulagningameistari

Kringlumýri 1 800 Selfoss

Sími 893-0085 Netf. [vidarm@simnet.is](mailto:vidarm@simnet.is)

### Íbúðarhús til leigu á Flúðum,

Frá 1. júní nk., leiguverð 120 þús á mán.

Allar nánari upplýsingar í síma 898-4876, eða á netfangið [liljah@fludir.is](mailto:liljah@fludir.is)

Óska eftir að leigja 3ja-4ra herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu frá sama tíma.



## Vortónleikar Karlakórs Selfoss

Senn líður að vortónleikum Karlakórs Selfoss, en samkvæmt venju verða fyrstu tónleikarnir að kvöldi sumardagsins fyrsta í Selfoskirkju.

Síðan syngur kórinn aftur í Selfoskirkju 24. apríl, í Fella- og Hólakirkju í Reykjavík 26. apríl og lokatónleikarnir verða að Flúðum laugardagskvöldið 28. apríl. Loftur Erlingsson stjórnar kórnum eins og undanfarin 12 ár og píanóleikari er Jón Bjarnason organisti í Skálholti.

Á söngskrá kórsins eru mörg og skemmtileg verk, en segja má í gamni að efnisskráin endurspegli helstu áhugamál kórfélaga, konur og vín. Mörg laganna eru sérstaklega útsett fyrir kórinn og má þar nefna lagið *Frostrósir*, eftir Freymóð Jóhannesson sem Þórir Baldursson útsetti og hið þekktu lag um *Lili Marleen*, sem Bjarni Þ. Jónatansson útsetti en Ólafur Stefánsson gerði fallegan íslenskan texta. Söngurinn um Lili Marleen er einhver þekktasta ástarsaga fyrr og síðar, samin á árum fyrra heimsstríðsins, en náði svo gífurlegum vinsældum í seinni heimsstyrjöldinni.

Önnur lög sem nefna má af söngskrá vortónleikanna eru *Fram í heiðanna ró*, *Ástarvísur hestamannsins*, *Ég fann þig*, þar sem Loftur Erlingsson syngur einsöng, *Í kránni*, þar sem Hjörtur Benediktsson syngur einsöng, *Ætti ég hörpu*, þar sem Hermann Örn Kristjánsson syngur einsöng og svo syngja þeir Hjörtur og Hermann saman dúett í laginu *Stúlkan mín* eftir Björgvin Þ. Valdimarsson. Alls eru 22 lög á söngskrá kórsins.



Á fimmtudögum í apríl og maí verður tilboð á einum völdum aðalrétti, sem er annað hvort kjöt eða grænmetisréttur. Fyrsti tilboðsdagur er 5. apríl og sá síðasti 31. maí.

Verð á tilboði er 1500 krónur.

Opnunartími:

Mánudaga og þriðjudaga í apríl: Lokað

Miðvikudaga til föstudaga. Opið frá 18:00-21:00

Laugardaga, opið frá 12:00-21:00

Sunnudaga, opið frá 12:00-20:00

Mánudaga og þriðjudaga í maí, opið frá 18:00-21:00



# LAUGARVATN fontana

## UPPSPRETTA VELLÍÐUNAR

### Laugarvatn Fontana

Opið daglega frá 14:00 til 21:00.

Kaffitíðin býður upp á léttar og fjölbreyttar veitingar; súpu og reyktan silung úr Laugarvatni.

Símínn hjá okkur er 486 1400.

[www.fontana.is](http://www.fontana.is) – skráðu þig í netklúbbinn á heimasíðunni

---

### Tónleikar á Flúðum

Karllakór Hreppamanna, Karllakórinn Ernir frá Ísafirði og Karllakórinn Víkingar frá Suðurnesjum halda sameiginlega tónleika í Félagsheimili Hrunamanna þann 5. maí kl. 20:30.



Fjölbreytt, létt og skemmtileg dagskrá sem enginn má láta fram hjá sér fara.

---

### Stórglæsilegt hátíð í Flúðaskóla

Ég get ekki orða bundist eftir að hafa verið í Félagsheimilinu á Flúðum 28. mars s.l. þar sem mér var sýnd frábær vinna nemenda og kennara. Það var sannarlega ósvikin gleði sem skein úr hverju andliti á þessum stóra barnahópi. Þetta á eftir að gefa börnunum sjálfstraust sem sannarlega á eftir að nýttast þeim. Auðvitað höfðu börnin misjafna getu til að njóta sín. En svona hópur þar sem allir taka þátt og enginn er skilinn eftir er lífsreynsla sem lifir í sálinni allt lífið.

Þá eru það kennararnir. Þeir eiga stórt hrós skilið fyrir alla framkvæmdina. Bæði að efni og hvað öll þessi mörgu atriði þóssuðu og gerðust áreynslulaust (ekkert gerist svo)

Bestu þakkir

Katrín (Amma í Koti)

*Skrifstofa Hrunamannahrepps.  
opnunartími hreppsskrifstofu, sumaropnun  
Mánudaga til fimmtudaga:  
09:00-12:00 og 13:00-16:00  
Föstudaga: 09:00-12:30*

# Tónleikar Söngsveitarinnar Fílharmóníu

Verða haldnir í Skálholtsdómkirkju,  
Laugardaginn 21. apríl kl 16:00

## Aldarminning

**dr. Róberts Abrahams Ottóssonar**

**Efnisskrá:**

Lög og raddsetningar Róberts A. Ottóssonar  
Náttöngur eftir Hildigunni Rúnarsdóttur

**Einsöngvari:** Hallveig Rúnarsdóttir

**Organisti:** Steingrímur Þórhallsson

**Stjórnandi:** Magnús Ragnarsson

[www.filharmonia.is](http://www.filharmonia.is)



Gönguferðir hjá Félagi eldri Hrunamanna, hefjast þriðjudaginn 1.mái 2012.  
Mæting kl. 10:30 við Félagsheimilið. Það er hressandi að fá sér göngutúr í góðum félagsskap. Allir velkomnir. F.e.H

VIOLA snyrtistofa  
Högnastíg 1 Flúðum.



GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímamantanir í Síma 856-1599

Vöruflutningar  
Reykjavík—Árnessýsla

Vörumóttaka Héðingsgata  
1-3



**VÖNDULL ehf**  
**FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í**  
**ÁRNESSÝSLU.**

Brottför frá Reykjavík, Héðingsgötu 1-3 sími: 533  
2211. Mánudaga til föstudaga kl. 12:00, Á  
Selfossi hjá Húsasmíðjunni og Byko kl.  
14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir  
þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar



**Samkaup** **strax**

**Opnunartími Versl. Strax.**

Mánudaga til föstudaga	10:00-18:00
<b>Laugardaga</b>	10:00-18:00
<b>Sunnudaga</b>	11:00-17:00

Verið velkomin.  
Starfsfólk Versl.Samkaup strax  
á Flúðum.

**Aðalfundur**

Aðalfundur björgunarfélags Eyvindar verður sunnudagskvöldið 29. apríl kl  
20:00 í húsi félagsins. Venjuleg aðalfundar störf.

Kristinn Eiríksson gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu sem ritari og  
varaformaður. Aðrir gefa áfram kost á sér.

Gamlir og nýir félagar hvattir til að mæta.

Stjórnin



## Leikskólafréttir

Það er alltaf nóg að gera hér í leikskólanum og margt hefur verið brallað í febrúar og mars. Í febrúar var Kerlingadagurinn haldinn, við fengum margar flottar kerlingar á öllum aldri til okkar í heimsókn og tóku þær þátt í því sem börnin voru að gera, þá stundina sem þær komu í heimsókn. Börnin voru spurð að því hvað kerlingar gera og voru svörin með þessu móti, þær sofa, vakna, setja í þvottavél og þrjóna. Dagurinn var líflegur og skemmtilegur að vanda. Öskudagurinn var fjörugur og mættu ýmsar kynjaverur í leikskólann. Við fórum og héldum öskudagshátíð á Kaffi-Sel, þar var dansað, sungið og slegnar blöðrur úr kassa. Börnin fengu svo pizzur sem Kaffi-Sel bauð uppá og safu frá foreldrafélaginu. Stjórn foreldrafélagsins lék svo leikritið um hana Rauðhettu á frábæran hátt. Séra Eiríkur hefur heimsótt okkur reglulega í mars og sagt okkur sögur sem tengjast páskunum.



Rauðhetta og Úlfurinn ræða saman

## Skógarkotsfréttir

Í byrjun mars fóru Snillingarnir okkar, elstu börn leikskólans að vinna að stóru og krefjandi verkefni. Þeim var gefið orðið Skrúfuskurp og þurftu þau að ímynda sér hvað þetta væri, hvernig þetta liti út og koma hugmyndum sínum á blað með aðstoð kennara. Fjölmargar skemmtilegar hugmyndir komu en börnin sættust á það að þetta væri einhvers konar skrímli með mörg höfuð og skikkju. Börnin hafa svo verið að vinna í því að skapa Skrúfuskurp úr þeim efnivið sem þeim langar að nota úr Skrautásnum okkar og er skrímlið að verða ansi flott☺. Í hópastarfinu höfum við verið dugleg að nýta okkur útikensluna og fara í skóginn að vinna ýmiss verkefni, t.d. skrifa nafnið okkar í snjóinn og búa það til með spýtum líka. Í skóginum leikum við okkur líka að því að telja trén, fuglana sem fljúga, köngla og fleira. Svo er líka vinsælt að leggjast niður, loka augunum og hlusta á umhverfisljóðin. Í vettvangsferðunum okkar skoðum við samfélagið og kynnumst fólkinu á svæðinu. Einn fimmtudaginn fórum við í heimsókn til Ragnhildar, smökkuðum gulrætur og fengum að skoða kanínur og ungana þeirra. Sama dag heimsóttum við Grænna Land ehf. og fengum að skoða t.d. skjaldböku sem lék ýmsar listir fyrir okkur og svo syndi Erla okkur hvernig hún býr til krans. Við kíktum líka við á Brún einn daginn og Þorsteinn leyfði okkur að skoða gróðurhúsið og tómataplönturnar, þar þóttu býflugurnar mjög spennandi ☺ Við höfum verið mikið úti í góða veðrinu síðustu daga og geta börnin varla beðið eftir því að fari að vora almennilega svo þau geti sleppt því að klæða sig í öll þessi föt ☺.



## Heiðarkotsfréttir

Það búið að bralla heilmikið á Heiðarkoti undanfarnar vikur og mánuði. Í byrjun febrúar vorum við með myndlistasýningu í versluninni strax á myndverkum sem börnin gerðu. Við fengum rjómaþellur á bolludaginn og saltkjöt og baunir á sprengidaginn. Í byrjun mars fórum við í sveitaferð upp í Bryðjuholt til Þórunnar og Samúels. Þar fengum við að skoða kýr, kálfa, naut, hænur og hund. Við fengum líka að smakka mjólk beint úr táknum. Þetta var rosalega skemmtileg heimsókn. Takk fyrir að taka á móti okkur Þórunn og Samúel. Í myndlist höfum við svo verið að vinna út frá sveitaferðinni, við erum t.d. búnir að gera kýr og sumir eru búnir að búa til fjós fyrir kýrnar. Þegar við erum búnir með þetta verkefni ætlum við að snúa okkur að einhverju öðru húsdýri. Síðustu daga höfum við verið að gera páskaskraut og ýmislegt fleira.



## Móakotsfréttir

Í mars vorum við á Móakoti að rannsaka allt í varðandi farartæki. Í hópastarfi voru búnir til bátar, keppnisbílar, flugvélar, bátar og loftbelgir úr trölladegi. Í söngstundum og tónlist sungum við af miklum mót um bíla, báta, flugvélar og fleira. Farið var í göngutúra og hlustað eftir því hvað heyrir í umhverfinu og þar á meðal voru mikil hljóð í farartækjum. Einn miðvikudaginn fórum við í mikla gönguferð og tíndum fullt af rusli á leiðinni. Gengið var sem leið lá niður að Litlu-Laxá og inn Torfdalinn. Farið var utanvegar til að æfa sig í jafnvæginu og þolinu, en meðal annars eru það markmið Aðalnámskrár 2011 og okkar á Undralandi að stuðla að fjölbreyttri og krefjandi hreyfingu í útivist. Ákveðið var að fara svo beint upp brekkuna fyrir neðan Heimaland. Það var mjög krefjandi fyrir suma á meðan aðrir hlupu 3x upp og niður brekkuna. Í tónlistarstundum var hlustað eftir því hvaða hljóð hljóðfærin gefa frá sér og lærðum hvað þau heita. Hlustað var á sönginn í vindinum, hlustað á slakandi tónlist og bjuggum svo til hljóðfæri úr jógúrdöllum. Þá voru einnig búnar til bílabrautir úr einingakubbum og plötum og þar gátu flugvélar, bátar og fleiri farartæki farið um. Í aprílmánuði er svo þemað að sjálfsögðu páskar. Búið er að fönðra unga, skoða myndir af ungum, páskaeggjum o.fl. Í apríl verður svo aukin útivera eftir því sem veðrið verður betra og þá farið í fleiri vettvangsferðir og nánasta umhverfi rannsakað og uppgötvað. Við minnum svo á bloggið okkar og myndasiðuna sem er uppfærð reglulega með myndum úr daglegu starfi á Móakoti.



**Kveðja frá börnum og starfsfólki Undralands**



# **FIRMAKEPPNI 2012**



Verður haldin á Flúðum **1 maí** að venju og hefst  
stundvíslega kl. 14.00

***Kept verður í eftirfarandi flokkum :***

- Pollaflokkur (9 ára og yngri)
- Barnaflokkur (10-13 ára)
- Unglingaflokkur (14-17 ára)
- Ungmennaflokkur (18-21 árs)
- Kvennaflokkur
- Karlaflokkur
- Heldri manna og kvennaflokkur
- 150 m skeið

**Skráning verður á staðnum og lýkur henni kl. 13.50**

*Hvetjum alla til að mæta og gera sér glaðan dag á einum stærsta viðburði félagsins, hvort sem er ríðandi, gangandi eða akandi.*

**Vonumst til að sjá sem flesta**  
*Stjórnin*

## Vinsamlegast athugið breyttan opnunartíma í sumar.

### Opið í apríl:

Mánudaga	Kl. 20-21
Þriðjudaga	Kl. 16-18
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	Kl. 16-18

### Frá 2. maí – 31. ágúst:

Mánudaga	Kl. 20-21
Þriðjudaga	Kl. 16-18
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	<b>LOKAÐ</b>



Lestur er bestur

Bókasafnsdagurinn 2012

Upplýsing, sem er félag bókasafns- og upplýsingafræða, gengst í samvinnu við bókasöfn í landinu fyrir Bókasafnsdegi **þriðjudaginn 17. apríl** n.k. Tilgangur dagsins er að vekja athygli á mikilvægi bókasafna í samfélaginu. Eins nauðsynlegt og það er að rækta líkamann þá er ekki síður mikilvægt að næra hugann og bókasöfnin þjóna því hlutverki sem sannkölluð heilsulind. Bókasöfn gegna mikilvægu hlutverki sem miðstöð fræðslu og þekkingar, þau veita aðgengi að bókmenntum, tón- og myndlistarefni og þar má fá aðstoð við upplýsingaöflun og gagnaleit. Almenningsbókasöfn eru auk þess menningarmiðstöðvar og samkomuhús þar sem fólk getur dvalið löngum stundum. Bókasöfn skipta sköpum fyrir lestraruppeldi og bókmenningu í landinu. Slagorð dagsins er: **Lestur er bestur**. Bókasafn Hrunamanna vonar því að sem flestir leggi leið sína á bókasafnið í tilefni dagsins og finni sér eitthvað áhugavert lesefni til að taka að láni og fara með heim. Heitt verður á könnunni, djús og kex. Opið frá kl. 16-18.

Verið hjartanlega velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar.

**Lestur er bestur** ☺

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>





## Frá Búnaðarfélagi Hrunamanna

Aðalfundur Búnaðarfélagsins var haldinn 14. mars sl. Rekstur Búnaðarfélagsins gengur ágætlega þó að veltan sé minni en áður. Árgjöldin voru ákveðin kr. 3.000 fyrir árið 2012 og verða þau innheimt í haust. Við hvetjum áhugasama til að ganga í félagið. Búið er að kaupa taðdreifara, sem er væntanlegur á næstu vikum.

Nú fer að vora og viljum við minna á tækjaleigu Búnaðarfélagsins. Rétt er að minna á, að ef tækjum er skilað skitugum er innheimt 5.500 kr. hreinsunargjald. Sérstaklega er áriðandi að skila hestakerrunni hreinni þar sem hún fer landshluta á milli. Tækin eru staðsett á Hrafnkelsstöðum og Kotlaugum og sjá Aðalsteinn og Sigurjón um tækin.

Pantanir eiga að

berast til þeirra.

Hestakerran er

staðsett á

Kotlaugum.

Ýtan og þreskivélin eru í umsjón Grétars Skúlasonar og eiga pantanir berast til hans í síma 894-7208.

Nánari upplýsingar eru hjá Aðalsteini í síma 898-1591, Sigurjóni í síma 893-5212 og Þórunni í síma 860-1329.

### Verðskrá Búnaðarfélags Hrunamanna 2012 (Skuldlausir félagsmenn fá 5% afslátt)

Tæki	Verð	Eining
Ýta m/manni	11.500	klst
Komugjald innansveitar ýta	7.400	
Kornskurðarvél m/manni	18.900	klst
Komugjald kornskurðarvél	13.200	
Kornvals	3.200	klst
Kornsuga	1.500	á tonn
Pinnatætari	2.500	klst
Hnífatætari	2.500	klst
Plógar 5 skeri	2.500	klst
Plógar 3 skeri	2.000	klst
Haughræra	5.600	klst
Steypuvél	3.200	start
Steypuvél pokagjald	55	poki
Loftunarrípper	3.200	á dag
Loftpressa	3.200	á dag
Kalkdreifari	530	á tonn
Haugsuga 0-20 tímar	3.100	klst
Haugsuga 21-	2.500	klst
Flaghefill	1.100	klst
Sturtukerra 0-20 tímar	2.100	klst
Sturtukerra 21-	1.700	klst
Valtari	1.600	hektari
Ruddasláttuvél	1.200	klst
Diskaherfi	2.400	klst
Fjaðraherfi	3.200	klst
Hestakerra innansveitar	6.000	á dag
Hestakerra utansveitar	11.000	á dag
Hreinsunargjald	5.500	

## Firmakeppni körfuknattleiksdeildar UMFH

Firmakeppnin var haldin 9.apríl sl. í íþróttahúsinu á Flúðum. Er hún orðin árlegur viðburður hjá deildinni. Firmakeppnin hefur venjulega verið haldin í kringum áramót en nú var ákveðið að breyta til og prófa að halda hana um páskana. Mæting var ágæt og góður andi hjá keppnisliðunum. 25 fyrirtæki og einstaklingar styrktu keppnina að þessu sinni og keppendur voru 60-70 talsins.

Fyrir hádegi kepptu lið í minnibolta telpna og drengja. Eftir drengilega keppni stóðu Geimverurnar frá Mars uppi sem sigurvegarar í telpnaflokki og kepptu þær fyrir hönd Árna ehf. Liðsmenn Geimvera voru Birgit Ósk Snorradóttir, Sunneva Sól Árnadóttir, Katja Marie Helgadoóttir og Edda Guðrún Arnórsdóttir. Í drengjaflokki vann lið Susha, skipað þeim Filip Jan Jozefik, Orra Ellertssyni, Hannibal Óskarssyni, Nóa Mar Jónssyni og Vitaliy Krayduba. Kepptu þeir fyrir Nesity.

Eftir hádegi var keppt í unglínga- og fullorðinsflokkum. Eftir spennandi keppni stóð lið Mömmu uppi sem sigurvegari í kvennaflokki en það lið var skipað þeim Kristínu Helgadoóttur, Þórdísi Jónu Kristjánsdóttur, Ragnheiði Björk Einarsdóttur og Ninnu Ýr Sigurðardóttur. Þær kepptu fyrir hönd Leikskólans Undralands. Í karlaflokki vann Blakliðið sem keppti fyrir Kaffi Sel. Blakliðið var skipað þeim Árna Þór Hilmarssyni, Birni Hr. Bjarnarsyni, Jóni G. Valgeirssyni, Þórmundi Smára Hilmarssyni og Ársæli Einari Ársælssyni.

Við þökkum öllum þeim sem styrktu keppnina í ár fyrir veittan stuðning en þeir voru : Flúðaverktakar, Auðsholtsbúið, Bryðjuholtsbullurnar, Ferðaþjónustan Syðra-Langholti, Flúðafiskur, Garðyrkjustöðin Melar, Garðyrkjustöðin Reykjaföt, Gröfutatæni, Grafarhestar, Flúðaskóli, Leikskólinn Undraland, Félagsheimili Hrunamanna, Hrossaræktarbúið Blesastöðum, Sundlaugin Flúðum,

Staða við ræstingar við heilsugæsluna í Laugarási er laus frá 1. júní.  
Einnig sumarafleysingar fyrir lækningaritara.  
Upplýsingar hjá Önnu í síma 480 5300.

## **Til sölu Pirelli sumardekk, Teutonia desing barnavagn/kerra og Gracco kerra**

Fjögur Pirelli sumardekk til sölu, hafa verið notuð í eitt sumar og eru nánast sem ný. Stærð dekkjanna er 15 tommu R 195/65. Verð kr. 30.000.-

Einnig er til sölu barnavagn/kerra, mjög vel með farinn, svefnpoki í stíl og regnslá fylgir, hægt er að breyta vagninum í kerru, stillanlegt handfang og burðarrúm er með vagninum, hann er á góðum torfærudekkjum. Skiptitaska í stíl við vagninn getur fylgt. Verð kr. 50.000.

Eins er ég með Graco kerru á fjalladekkjum, hún þarfnast smá lagfæringar, en svínvirkar.. Verð kr. 7000.-

Hanna Sigga

s: 821-6684 eða 486-6684

### **Reiðhöllin á Flúðum**

Minum á Uppsveitadeildina þann 20.apríl nk. kl. 20:00.

Keppt verður í fimmgangi.

Minum einnig á Uppsveitadeild æskunnar laugardaginn 28.apríl.

Stranda Freyja að hvísla einum góðum að Láru Hildi í Birtingaholti :)



## Óbyggðakort

Á Skrifstofu Hrunamannahrepps eigum við enn til sölu (á 500 kr)., óbyggðakort af afrétti milli Þjórsár og Hvítár. Uplaglagt að næla sér í eintak fyrir ferðalög sumarsins :)



### Stóðhestur

Hrossaræktarfélag Hrunamanna verður með stóðhestinn Álm 2003187057 frá Skjálög til afnota á fyrra gangmáli. Álmur er með í aðaleinkunn 8,37. 8,61 fyrir hæfileika og 8,01 fyrir sköpulag. Álmur hefur gert vel í keppni í A-flokki, var m.a. í 2. sæti á síðasta landsmóti. Verð á tolli er 45. þús og við bætist sónarkostnaður, girðingar/ eftirlitsgjald og virðisaukaskattur.



Pantanir berist til Sigurðar Hauks í síma 894-3059 eða í netfangið [skollagrof@skollagrof.is](mailto:skollagrof@skollagrof.is)

### Gömul saga úr sveitinni.

Snemma á árinu 1980 og síðan aftur 1981 voru haldin námskeið í ensku fyrir íbúa Hrunamannahrepps. Þátttakendur voru á aldrinum 20-64 ára og voru bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Fyrri árið tóku 57 þátt en 35 seinna árið. Kennarar voru frá Flúðaskóla, þau Jóhannes Sigmundsson, Bjarni H Ansnes og Björg Björnsdóttir.

Námskeið þessi vöktu talsverða athygli og ánægju meðal íbúa sveitarinnar. Fólk hafði af þessu bæði gagn og gaman, hittist og spjallaði saman yfir kaffibollum á kennarastofunni í hléum milli kennslustunda. Alltaf var sunginn enskur texti í lok stunda, sem kennararnir höfðu ljósritað.

Fullorðinn maður í Reykjavík, ættaður úr Hrunamannahreppi og kom oft í heimsókn í sveitina, var spurður að því hvort hann ætlaði ekki að skreppa austur og heilsa upp á kunningjana, hann svaraði:” Æ, ég veit það ekki, eru ekki allir farnir að tala bara ensku?”



# VÖRÐUKÓRINN

*Vörðukórinn*

*„með sól og vor um vanga“*

Tónleikar í Skálholtskirkju

Föstudaginn 20. apríl kl. 20:30

Vorið og vorkoman er að þessu sinni viðfangsefni

Vörðukórsins

Fjölbreytt tónlist, íslensk, sunnlensk, Mozart, Bach,  
Schubert o.fl.


*Einsöngur: Þóra Gylfadóttir*

*Flautuleikur: Kolbrún Berglind Grétarsdóttir, Jóhanna Hæg  
Sigurðardóttir*

*Orgel: Jón Bjarnason*

*Stjórnandi: Eyrún Jónasdóttir*

Miðaverð kr. 2500



Fögnum vorinu með ljúfum tónum að hætti

Vörðukórsins





